

Nd. **120. Frumvarp til laga** [102. mál]
um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

2. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þegar rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sé annars ekki getið.

A. Norðurland.

A. 1. Frá línu réttvisandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu réttvisandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri ($66^{\circ}07,5'$ n.br. $21^{\circ}31,2'$ v.lg.), og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A. 1., og takmarkast svæði þetta að vestan og austan svo sem í A. 1. greinir.

A. 3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grimseyjar.

A. 4. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

B. 1. Frá línu réttvisandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), að línu réttvisandi suðaustur af Selskeri ($64^{\circ}32,8'$ n.br. $14^{\circ}07,0'$ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972. Einnig er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks.

B. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvisandi norðaustur frá Langanesi (grunnlínupunktur 6) í punkt 12 sjómílur réttvisandi aust-norðaustur frá Bjarnarey ($65^{\circ}47,1'$ n.br. $14^{\circ}18,2'$ v.lg.).

B. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvisandi aust-norðaustur af Bjarnarey og réttvisandi aust-norðaustur af Ósfles ($65^{\circ}37,8'$ n.br. $13^{\circ}55,3'$ v.lg.).

C. Suðausturland.

C. 1. Frá línu réttvisandi suðaustur af Selskeri ($64^{\circ}32,8'$ n.br. $14^{\circ}07,0'$ v.lg.), að línu réttvisandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvisandi suðaustur af Selskeri og réttvisandi suður af Ingólfshöfða (grunnlínupunktur 15), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Selskeri ($64^{\circ}32,8'$ n.br. $14^{\circ}07,0'$ v.lg.) og að $18^{\circ}00'$ v.lg.

C. 4. Á svæði frá $18^{\circ}00'$ v.lg. að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C. 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á þeim svæðum og tímum, sem í C. 3. og C. 4. greinir.

D. Suðurland.

D. 1. Frá línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), að línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

D. 2. Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af $22^{\circ}30'$ v.lg., er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, samanber þó 3. grein reglugerðar nr. 189/1972.

D. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), og að vestan af línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita ($63^{\circ}48,0'$ n.br. og $22^{\circ}41,9'$ v.lg.).

D. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 21), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 22), Einidrangs ($63^{\circ}27,4'$ n.br. $20^{\circ}37,0'$ v.lg.), Selvoggs ($63^{\circ}49,1'$ n.br. $21^{\circ}39,2'$ v.lg.), Hópsness ($63^{\circ}49,3'$ n.br. $22^{\circ}24,4'$ v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 23). Að austan og vestan takmarkast svæði þetta svo sem í D. 1. greinir.

D. 5. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkantur Yztakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði þar sem sæsimastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda á 200 metra belti beggja megin við strengina.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E. 1. Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga ($64^{\circ}44,9'$ n.br. $23^{\circ}55,1'$ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

E. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af $64^{\circ}10'$ n.br. og að norðan af $64^{\circ}30'$ n.br., er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 9 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

E. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvisandi suður úr Reykjanesaukavita, að línu réttvisandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8' n.br. 22°44,0' v.lg.).

Einnig er þessum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu, allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómíllur 240° réttvisandi frá Hafnarbergi (63°52,8' n.br. 22°44,0' v.lg.) í punkt 4 sjómíllur réttvisandi vestur af Garðskagavita (64°04,9' n.br. 22°41,5' v.lg.) og þaðan í punkt 4 sjómíllur réttvisandi suðvestur af Gáluvíkurtanga (64°44,9' n.br. 23°55,1' v.lg.).

F. Breiðafjörður.

F. 1. Frá línu réttvisandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9' n.br. 23°55,1' v.lg.) að línu réttvisandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlinupunktur 26), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°45' n.br. og að norðan af 65°05' n.br., er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvisandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9' n.br. 23°55,1' v.lg.) og réttvisandi vestur frá Öndverðarnesvita, og utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómíllur réttvisandi vestur af Öndverðarnesvita í punkt 4 sjómíllur réttvisandi vestur af Bjargtöngum (grunnlinupunktur 26).

F. 4. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvisandi vestur frá Öndverðarnesvita að 24°00' v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af 65°16' n.br. Að austan takmarkast svæðið af 24°00' v.lg.

G. Vestfirðir.

G. 1. Frá línu réttvisandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlinupunktur 26) að línu réttvisandi norður frá Horni (grunnlinupunktur 1), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafis lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu skv. rgl. nr. 189/1972.

Ennfremur er ráðherra heimilt að takmarka togveiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, á tilteknum svæðum, með auglýsingum um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net, sem gilda skulu í takmarkaðan tíma.

Þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríki mæli, er sjávarútvegsráðherra skylt að ákveða friðun fyrir botnvörpu á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, ef fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi

stöðum. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd slíkrar takmörkunar á botnvörpuveiðum.

5. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu, að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

6. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilandhelginnar þar sem megin áherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er viðkemur vernd fiskistofnanna.

8. gr.

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

9. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur um hvaðeina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang botnvörpu, flotvörpu eða dragnótar, um lágmarks möskvastærðir þessara veiðarfæra og lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. Skulu reglugerðarákvæði um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum:

1. Til dragnótaveiða. Ráðherra getur ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma. Sé veitt leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting þá miðuð við tímabilið 15. júlí til 30. nóvember. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum fiskiskípum, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni, og gilda leyfin fyrir 1 veiðitímabil í senn. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg. Hafrannsóknastofnunin skal stöðugt fylgjast með dragnótaveiðum þeim, sem leyfðar verða samkvæmt grein þessari, og gera tillögur um tilhögun veiðanna og það hversu nálægt landi þær megi stunda á hverjum stað fyrir sig. Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómíllur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómíllur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga.

2. Til rækjuveiða. Ráðherra getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.
3. Til humarveiða. Leyfi til humarveiða á tilteknum svæðum getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg og skal meðal annars vera heimilt að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar eða annarra atriða.
4. Til síldveiða. Leyfi til síldveiða með botnvörpu og flotvörpu skulu bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé cingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið öðrum þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.
5. Til loðnuveiða. Leyfi til loðnuveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri og enn fremur er heimilt að gera annan afla, en loðnu upptækan til ríkissjóðs.
6. Til spærlings- og kolmunnaveiða. Leyfi til spærlings- og kolmunnaveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg.
7. Til veiðitilrauna. Ráðherra er heimilt að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, enda fari slíkar veiðitilraunir fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.
8. Til rannsóknna. Ráðherra er heimilt að veita rannsóknaskipum og visindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknaskyni í fiskveiðilandhelginni.

Togveiðiheimildir samkvæmt tölulíðum nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar og auk umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar skal ráðherra leita umsagnar Fiskfélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

11. gr.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef um er að ræða skip allt að 106 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 2 000.00—6 000.00 gullkr.
2. Ef um er að ræða skip frá 106—200 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 4 000—12 000 gullkr.
3. Ef um er að ræða skip frá 201—350 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 10 000—20 000 gullkr.
4. Ef um er að ræða skip frá 351—600 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 15 000—30 000 gullkr.
5. Ef um er að ræða skip stærri en 600 brúttó rúmlestir, skulu sektir nema 20 000—60 000 gullkr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara skulu og varða upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu þar með töldum dragstrengjum, svo og á öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig heita, þótt ekki hafi verið höfðað refsímál út af broti, og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku og aðför fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

12. gr.

Brot gegn 8. gr., reglum settum samkvæmt 9. gr. eða ákvæðum veiðileyfa, sem út eru gefin samkvæmt 10. gr. varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Ef um ítrekað brot er að ræða, skv. þessari málsgrein, skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 11. gr.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 1000—15 000 gullkrónum samkvæmt lögum nr. 4 11. apríl 1924.

13. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 1000—15 000 gullkrónum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

14. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektarhegningar samkvæmt 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr., láta sæta fangelsi allt að 2 árum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum.

15. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

16. gr.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu ásamt síðari breytingum sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

Einnig falla þá úr gildi lög nr. 40/1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

18. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal láta endurskoða lög þessi fyrir 31. desember 1975.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan Fiskveiðilaganefndar, en í henni eiga sæti alþingismennirnir Gils Guðmundsson, formaður nefndarinnar, Guðlaugur Gíslason, Jón Ármann Héðinsson, Karvel Pálmason og Steingrímur Hermannsson. Er hér um að ræða sama frumvarp, sem flutt var að tilhlutan nefndarinnar á síðasta Alþingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Hafa þó verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu samkvæmt tilmælum nefndarinnar, sem jafnframt óskaði þess að frumvarpið yrði nú flutt sem stjórnarfrumvarp. Verða nú tilgreindar þær breytingar, sem fiskveiðilaganefnd óskaði að gerðar yrðu á frumvarpi því, sem nefndin flutti á síðasta þingi:

1. 2. gr. A.3. verði breytt þannig, að í stað „6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar“ komi „9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar“.
2. 2. gr. A.4. verði breytt þannig, að í stað „3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar“ komi „4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar“.
3. 2. gr. B.1. verði breytt þannig, að í stað „3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks“ komi „6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks“.
4. 2. gr. F.4. breytist þannig, að í stað orðanna „Að norðan afmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er í 4ra ...“ o. s. frv. út setninguna, komi orðin „Að norðan afmarkast svæði þetta af 65°16' n.br.“
5. 9. gr. breytist þannig, að í stað orðanna „sem í þau veiðast“ komi orðin „sem landa má“.
6. 10. gr. breytist þannig, að orðinu „jafnan“ í fyrstu línu verði sleppt.
7. 10. gr. 2.tl. breytist þannig, að sleppt verði orðinu „vélbátum“ og orðunum „með venjulegum rækjuvörpum“.
8. 10. gr. 3.tl. breytist þannig, að á eftir orðunum „leyfi til humarveiða“ komi orðin „á tilteknum svæðum“.
9. 10. gr. 4.tl. breytist þannig, að á eftir orðunum „Leyfi til sildveiða“ komi orðin „með botnvörpu og flotvörpu“.
10. 10. gr. 5.tl. breytist þannig, að á eftir orðunum „Leyfi til loðnuveiða með“ komi orðin „botnvörpu og“.
11. 10. gr. 7.tl. breytist þannig, að í stað fyrirsagnarinnar „Til fiskirannsóknna“ komi fyrirsögnin „Til rannsókna“. Jafnframt komi orðin „rannsóknaskipum“ í stað orðsins „fiskirannsóknaskipum“.
12. Í 10. gr. verði að auki bætt ákvæðum, er heimili ráðherra sérstaklega að veita leyfi til spærings- og kolmunnaveiða að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar og með þeim skilyrðum, er þurfa þykir.

II.

Hér á eftir verður orðrétt tekin upp greinargerð með frumvarpi nefndarinnar frá því í vor að öðru leyti en því að fyrstu málsgreininni er sleppt og á viðeigandi stöðum er vakin athygli á breytingum þeim, sem grein er gerð fyrir hér að ofan í I.

Með bréfi 11. október 1971 skipaði sjávarútvegsráðherra 5 manna nefnd, fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, til að gera tillögur um nýjar reglur varðandi heimildir til botnvörpuveiða í fiskveiðilandhelginni sbr. niðurlagsákvæði laga nr. 21 10. maí 1969 um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Gils Guðmundsson, formaður, Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Karvel Pálmason. Það var niðurstaðan af störfum nefndarinnar, að rétt væri að framlengja í óbreyttu formi gildandi togveiðiheimildir til ársloka 1972 og fresta þannig afgreiðslu málsins um skeið. Þetta var síðan gert með lögum nr. 89 24. desember 1971. Í byrjun september 1972 var þess formlega óskað, að nefndin héldi áfram störfum, og tók

hún þá til starfa á ný með þeirri breytingu, að Steingrímur Hermannsson tók fljótlega sæti í nefndinni í stað Ingvars Gíslasonar. Jafnframt var Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, ráðinn ritari nefndarinnar.

Frá því í byrjun september og fram í byrjun desember 1972, vann nefndin síðan samkvæmt erindisbréfi sínu að endurskoðun á núgildandi togveiðiheimildum með sérstöku tilliti til breyttrar fiskveiðilandhelgi. Hafði nefndin einkum til athugunar atriði, er vörðuðu skipastærð, veiðisvæði, tímatakmarkanir og það hvort ekki væri unnt að gera heimildarreglurnar einfaldari og skýrari. Ennfremur var nefndinni í erindisbréfi falið að:

1. Athuga hvort rétt sé að auka almenna friðun frá því sem reglugerð nr. 189/1972 gerir ráð fyrir, m.a. hvort banna eigi veiðar með fleiri veiðarfærum en botnvörpu á þargreindum svæðum.
2. Gera tillögur varðandi notkun þorsk-, ýsu- og ufsanótar.
3. Athuga um breytingu á gildandi ákvæðum um möskvastærð í vörpum.
4. Endurskoða reglur um dragnótaveiðar.
5. Athuga hvort rétt sé að hafa viss grundvallaratriði varðandi rækju-, humar- og skelfiskveiðar, svo og veiðar á öðrum tegundum t.d. spærþingi, í þessum lögum, með viðtækum heimildum ráðuneytis til að setja reglur um þær veiðar.

Í ljós kom, að verkefni þetta var stærra en svo, að því yrði lokið í tæka tíð fyrir árslok 1972. Lagði nefndin þess vegna til að gildistími 2. og 3. greinar laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971 og lög nr. 89/1971, skyldi framlengdur um takmarkaðan tíma. Gerði nefndin ráð fyrir því, að halda áfram störfum með það fyrir augum að skila álitni eigi síðar en í marz 1973.

Með lögum nr. 101 31. desember 1972 voru ofangreind botnvörpulög síðan framlengd til 1. júlí 1973, en jafnframt voru, samkvæmt tillögum nefndarinnar, gerðar nokkrar breytingar á botnvörpulögunum. Nefndin hafði þá þegar orðið samdóma um nauðsyn aukinnar friðunar fiskistofna og veiðisvæða og taldi einnig að ótvíræður vilji á þessu hefði komið fram alls staðar að af landinu. Þá taldi nefndin að auka þyrfti eftirlit með veiðum og veiðarfærum, svo og athuganir á árangri af friðunarráðstöfunum. Taldi nefndin atriði þessi svo mikilvæg, að ekki mætti bíða með að setja inn í botnvörpulögin ákvæði þar að lútandi. Þess vegna voru eftirfarandi 3 greinar settar inn í botnvörpulögin með lögum nr. 101/1972:

a. Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði, seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varahugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

b. Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar, um slíkar ákvarðanir.

c. Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináhersla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, sem viðkemur vernd fiskistofnanna.

Ennfremur var við þetta sama tækifæri sett inn í botnvörpulögin heimild til ráðherra til að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Höfðu tilraunir íslenskra báta með þetta veiðarfæri gefist all vel og vítað var að nokkrir aðilar höfðu áhuga á því að reyna loðnuveiðar í flotvörpu á loðnuvertíð 1973. Hafrannsóknastofnunin mælti með því að þetta yrði reynt og þess vegna þótti rétt að setja umrædda heimild í lögin.

Þess má geta, að Fiskveiðilaganefnd var í lok ársins 1972 samdóma um, að þegar bæri að gera ráðstafanir varðandi bolfiskveiðar í hringnót. Var samþykkt í nefndinni að beina þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra, að reglugerð um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o.fl. yrði breytt hið allra fyrsta þannig, að bolfiskveiðar í hringnót yrðu bannaðar, en þó skyldi sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 50 smálestum, sem stundað hefðu þessar veiðar að marki s.l. 2 ár. Skyldi þessi heimild gilda til ársloka 1973. Hinn 7. febrúar 1973, gaf sjávarútvegsráðuneytið síðan út reglugerð þar sem farið var eftir þessum tillögum nefndarinnar og þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót bannaðar með ofangreindum undanþáguheimildum.

Eftir að fiskveiðilaganefnd hafði skilað álitserð sinni og tillögum í desember 1972, hélt hún áfram störfum og vann samfellt fram í byrjun apríl 1973. Voru störf hennar á árinu 1973 einkum fólgin í því að yfirfara mikinn fjölda tillagna, sem henni höfðu borist víðsvegar að af landinu, ýmist bréflega eða á almennum fundum nefndarinnar, sem hún hélt í öllum kjördæmum landsins. Einnig kallaði nefndin ýmsa aðila á sinn fund til ráðgjafar eftir því sem hugmyndir nefndarmanna þróuðust og gáfu tilefni til. Þá hafði nefndin einnig samband við alþingismenn úr öllum kjördæmum landsins og reyndi m.a. með því að tryggja, að hagsmunasjónarmið allra byggðarlaga, sem úrgerð varðar, kæmst til vitundar nefndarinnar. Nefndarmenn hafa í frumvarpi þessu tekið afstöðu til ólíkra sjónarmiða byggðarlaga og hagsmunahópa, að því er varðar togveiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Hefur nefndin reynt að koma jafnt til móts við þarfir allra hagsmunahópa, hafandi jafnan í huga heildarhagsmuni landsmanna, einkum af því að vernda fiskistofna með nauðsynlegum friðunaraðgerðum. Hafa verið tekin upp í frumvarp þetta áður tilvitnuð ákvæði laga nr. 101/1972 um skyldu sjávarútvegsráðuneytisins til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn seiða- og smáfiskadrápi, og til að beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar með sérstöku tilliti til verndunar fiskistofnanna, ásamt auknum heimildum fyrir ráðuneytið til auglýsingar friðunarsvæða.

Verður nú gerð nánari grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. grein laganna er styttr verulega frá því sem nú er, enda eru heimildir ráðherra til þess að veita sérstakar undanþágur frá lögunum nú settar í eina grein sem ekki fjallar um annað. Sjá greinargerð um 10. gr. frumvarpsins.

Í 1. málsgrein 1. greinar núgildandi laga, eru fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu með öllu bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en síðan eru í 1. grein og sérstaklega 2. grein gerðar mjög víðtækar undantekningar frá þessu banni. Núgildandi lög bera einnig nafn sitt af þessu banni og heita „Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu“. Þar sem frumvarp þetta, eins og raunar núgildandi lög einnig, fjallar hins vegar efnislega fyrst og fremst um togveiðiheimildir íslenskra skipa í fiskveiðilandhelginni, þótti rétt að breyta bæði fyrirsögn laganna og textum 1. og 2. greinar. Eru þannig í frumvarpi þessu löginn nefnd „Lög um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni“, 1. gr. 1. mgr. áréttar ákvæði laga nr. 33 19. júní 1922, um bann gegn veiðum erlendra skipa í landhelginni, sbr. reglugerð nr. 189/1972 og 2. mgr. 1. gr. bannar íslenskum skipum veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögunum. Á það að sjálfsögðu jafnt við um reglur settar skv. þeim. 2. gr. verður þá bæði efnislega og formlega jákvæð aðalregla þessa frumvarps, en ekki eins og nú er að formi til undantekning frá aðalreglunni um algert togveiðibann jafnt fyrir íslensk skip sem erlend.

Breytingar á fyrirsögn laganna, 1. gr. og 1. mgr. 2. gr., sem felast í frumvarpi þessu, eru því formlegar en ekki efnislegar.

Um 2. gr.

Með reglugerð nr. 189/1972 var gerð breyting á grunnlínupunktum og til samræmis við það er vísað til þeirrar reglugerðar í 1. mgr. 2. gr. frumvarps þessa. Að öðru leyti vísast um þessa málsgrein frumvarpsins til þess, er segir hér að ofan um 1. gr.

A. Norðurland.

Í frumvarpi þessu er togveiðiheimildum fyrir Norðurlandi breytt þó nokkuð frá því, sem nú er. Eru breytingarnar einkum fólgnar í mikilli friðun og einföldun á þeim reglum, sem nú gilda á þessu svæði. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðar verði ekki leyfðar nær landi en 9 sjómíllur miðað við sömu grunnlínu og í núgildandi heimildum, en samkvæmt þeim eru togveiðar heimilar upp að 4, 6 eða 8 mílum á mismunandi tímum árs eftir mismunandi stærðum skipa. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að um leið og friðun er aukin með því að færa togveiðiheimildir fjær landi, þá verði stærðarflokkum skipa fækkað um einn og ekki verði lengur miðað við mismunandi tímabil. Er gert ráð fyrir því, að öll skip, sem eru minni en 350 rúmlestir, fái heimild til togveiða allt árið á svæði milli 9 og 12 sjómílna miðað við sömu grunnlínu og nú er, en öll skip stærri en 350 rúmlestir, megi veiða á svæðinu milli 12 og 50 sjómílna. Á tímabilinu 1. apríl til 1. júní takmarkast togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi af ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sem bannar allar togveiðar innan 50 sjómílna á svæði frá Rifstanga að Langanesi á þessu tímabili. (Togveiðiheimildir í kringum Kolbeinsey og Grimsey verði óbreyttar frá því sem nú er. Ath. I. hluta athugasemda þessarar).

Aukin friðun á þessu svæði þykir nauðsynleg vegna þeirrar alkunnu staðreyndar, að þarna eru einhverjar mestu uppeldisstöðvar þorsks á íslensku landgrunni og hefur afli togbáta af þessu svæði samanstaðið af mun yngri og smærri fiski, en víðast annars staðar af landinu.

B. Austurland.

Á svæðinu frá Langanesi að Selskeri eru í frumvarpi þessu reglur einfaldaðar mjög frá því, sem nú er, og friðun aukin. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðiheimildir verði ekki lengur mismunandi eftir árstímum og friðun einnig aukin verulega með því að gert er ráð fyrir því, að togveiðar verði ekki leyfðar innan 12 sjómílna, nema hvað skip, sem eru minni en 350 rúmlestir, fái þó nokkrar heimildir innan þessarar línu á svæðinu frá Langanesi að Ósfles. (Togveiðiheimildir í kringum Hvalbak eru óbreyttar frá því sem nú er. Ath. I. hluta athugasemda þessara).

C. Suðausturland.

Á svæðinu frá Selskeri að Lundadrang gerir frumvarpið ráð fyrir aukinni friðun fiskistofna, enda finnst oft ungfiskur á þessu svæði í miklum mæli. Var það hvort tveggja friðunarsjónarmiðið og tillit til bátaútgerðarinnar, einkum hinna minni báta, á þessu svæði, og aðliggjandi svæðum, sem réði því, að í frumvarpinu er greint á milli þriggja stærðarflokka skipa í stað tveggja áður. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðiheimildir skipa, minni en 105 rúmlestir, verði nánast óbreyttar frá því, sem nú er, en heimildir skipa af stærðinni frá 106 í 350 rúmlestir verði nokkuð skertar frá því sem nú er, á þann hátt, að skip af þessum stærðum fái ekki að toga nær landi, en 6 sjómíllur miðað við fjörumark meginlandsins á þessu svæði. Togveiðiheimildir skipa, sem eru stærri en 350 rúmlestir, eru skertar enn frekar í frumvarpinu, en þó fá þessi skip heimild til togveiða utan línu, sem dregin er 9 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, á svæðinu frá Selskeri að Ingólfshöfða. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að allar togveiðar innan 12 sjómílna á svæðinu frá Selskeri að 18°00' verði bannaðar á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí og er það óbreytt frá því, sem nú er.

D. Suðurland.

Á svæði frá Lundadrang að Reykjanesaukavita, gerir frumvarpið ráð fyrir því, að reglur verði mun einfaldari en nú er, og friðun aukin. Þannig verði togveiðar hvergi leyfðar nær landi en 3 sjómilur og þannig afnumin 2 togveiðisvæði skipa minni en 350 rúmlestir, sem náðu alveg inn að fjörumarki. Að öðru leyti eru heimildir skipa af þessum stærðarflokki óbreyttar frá því, sem nú er, og heimildir skipa af stærðinni frá 106 til 350 rúmlestir eru einnig mjög lítið breyttar. Frumvarpið felur hins vegar í sér þó nokkra skerðingu á togveiðiheimildum skipa stærri en 350 rúmlestir. Er gert ráð fyrir því, að aðalreglan verði hér, sem annars staðar í kringum landið, sú, að skip af þessum stærðarflokki fái ekki að veiða með botnvörpu og flotvörpu nær landi en 12 sjómilur miðað við grunnlínu. Þó er í frumvarpinu heimild fyrir þessi skip til togveiða utan línu, sem dregin er 9 sjómilur utan við grunnlínu á svæðinu frá 21° v.lg. að 22°30' v.lg. Togveiðiheimildir á þessu svæði takmarkast þó af ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sem friðlýsir ákveðið svæði á Selvogsbanka á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Þetta svæði nær frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9' n.br. 23°55,1' v.lg), og hér er einnig gert ráð fyrir því að reglur verði mun einfaldari og friðun aukin. Í frumvarpinu er línu þeirri, sem lokar Faxaflóa fyrir togveiðum breytt nokkuð frá því, sem nú er, þannig að hún færast nær landi um 2 sjómilur vestur af Garðskagavita, en hins vegar nokkuð fjær landi við Snæfellsnes þar sem miðað er við punkt 4 sjómilur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga, en í núgildandi lögum er miðað við 1 sjómílu frá Malarrífsvita í stefnu á línuna. Utan þessarar línu er gert ráð fyrir því, að skipum minni en 350 rúmlestir verði heimilar togveiðar allt árið og eru það nánast óbreyttar heimildir frá því, sem nú er. Hér, sem annars staðar, er hins vegar reiknað með því, að skip stærri en 350 rúmlestir verði ekki nær landi en 12 sjómilur miðað við grunnlínu, en þó fá skip af þessum stærðarflokki heimild til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu í Jökuldjúpi að svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°10' n.br. og að norðan af 64°30' n.br.

F. Breiðafjörður.

Á svæðinu frá Gáluvíkurtanga að Bjargtöngum gerir frumvarp þetta enn ráð fyrir einföldun gildandi reglna um togveiðar jafnframt því sem friðun er aukin. Þannig eru gerðar töluverðar breytingar á togveiðiheimildum skipa minni en 105 rúmlestir og er í frumvarpinu gert ráð fyrir einu svæði fyrir þessi skip, í stað þriggja áður. (Ath. hér I. kafla athugasemda þessarra). Á Breiðafjarðarsvæðinu er mikill fjöldi báta af þessum stærðarflokki og óvenju margir aðilar, einstaklingar og hagsmunasamtök, komu hugmyndum sínum um togveiðiheimildir á þessu svæði á framfæri við Fiskveiðilaganefnd. Með því að draga veiðisvæði þetta upp eins og gert er í frumvarpinu, hefur nefndin reynt að samræma hin ólíku sjónarmið, eins og frekast var unnt, auk þess sem friðunarsjónarmið voru einnig höfð í huga. Skip af stærðinni 106 til 350 rúmlestir færast nokkuð utar á þessu svæði, en þó er ekki um teljandi breytingar á togveiðiheimildum þeirra að ræða. Togveiðiheimildir skipa stærri en 350 rúmlestir, eru í frumvarpinu skertar nokkuð frá því, sem nú er, og er hér sem annars staðar miðað við að skip af þessum stærðarflokki stundi ekki togveiðar nær landi en 12 sjómilur miðað við grunnlínu. Þó er í frumvarpinu heimild fyrir þessi skip til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu í Kolluál á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°45' n.br. og að norðan af 65°0,5' n.br.

G. Vestfirðir.

Á svæðinu frá Bjargtöngum að Horni eru í frumvarpinu togveiðiheimildir óbreyttar frá því, sem nú er, nema hvað tvö togveiðisvæði ætluð skipum minni en 350 rúmlestir, eru felld burt, þannig að ekki er gert ráð fyrir því að neinar togveiðar verði leyfðar nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu á þessu svæði .

Um 3. gr.

Þessi grein frumvarpsins er tekin óbreytt úr núgildandi lögum, og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 4. gr.

Í núgildandi lögum hefur ráðherra heimild til að undanþiggja með reglugerð tiltekin svæði frá veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Hefur heimild þessi verið notuð á hverju ári með því að settar hafa verið reglugerðir um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

Í 1. mgr. þessarar greinar er orðuð almenn heimild ráðherra til þess að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan 12 sjómílna miðað við grunnlínu. Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um heimild ráðherra til þess að auglýsa sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net hvar sem er í fiskveiðilandhelginni og í 3. mgr. er það beinlínis gert að skyldu að nota heimildina á svæðum þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkum mæli, og fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegs- manna á viðkomandi stöðum. Mat á því hvort línuveiðar eru stundaðar í „ríkum mæli“ eða ekki verður að vera í höndum ráðherra, en ekki þykir þó vafi á því t.d. að línuútgerð á Vestfjörðum, eins og hún er í dag, myndi uppfylla þetta skilyrði.

Um 5.—7. gr.

Í upphafi greinargerðar þessarar er fjallað um þessar 3 greinar frumvarpsins, sem tóku gildi, efnislega óbreyttar, með lögum nr. 101/1972. Þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þær.

Um 8. gr.

Þessi grein frumvarpsins er tekin upp óbreytt efnislega úr núgildandi lögum, nema hvað bætt er við þeirri skýringu á búlkun, að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp. Er þetta gert með sérstöku tilliti til skuttogskipa, en annars er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um búlkun veiðarfæra í reglu- gerð samanber 9. gr.

Um 9. gr.

Núgildandi reglugerð um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda, nr. 214/1966, sbr. rgl. nr. 160/1970 og rgl. nr. 46/1971, er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

Eðlilegt þykir, að heimilt verði að setja reglugerð um þessi atriði og önnur, svo sem um gerð útbúnað og frágang þeirra veiðarfæra, sem lög þessi fjalla um, á grundvelli þessara sömu laga. Þykir þetta sérstaklega eðlilegt þegar litið er til viðurlaga við brotum á 8. gr. og 10. gr. frumvarpsins, sem þykja eiga að vera í nokkru samræmi við viðurlög við misnotkun á þessum veiðarfærum.

Um 10. gr.

Eins og segir um 1. gr. í greinargerð þessari, hafa í þessa grein frumvarpsins verið settar undanþáguheimildir þær, sem er að finna í 1. gr. núgildandi laga. Auk þess hafa heimildir ráðherra til veitingar dragnótaveiðileyfa verið felldar inn í

Þessa grein, en þær var áður að finna í lögum nr. 40/1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Þá er einnig bætt inn í þessa grein heimild fyrir ráðherra til að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, og einnig er hér tekið upp efnislega ákvæði laga nr. 101/1972 um heimild ráðherra til að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi Íslands með flotvörpu. Um einstaka tölulíði greinarinnar er þetta hið helzta: (Ath. hér einnig I. kafla athugasemda þessarar:

Um 1. Í frumvarpi þessu eru heimildir ráðherra til veitingar dragnótaveiðileyfa efnislega óbreyttar frá því sem er í núgildandi lögum. Þó eru ákvæði 3.—11. gr. laga nr. 40/1960 ekki tekin upp í frumvarp þetta, þar sem þau þóttu ýmist óþörf eða þeim ofaukið (eins og t.d. refsíákvæðin) við það að dragnótaheimildarákvæðin færðust inn í þessi lög um veiðar með botnvörpu og flotvörpu. Ein megin breyting er þó gerð á grundvellingum fyrir heimildir ráðherra í þessu efni. Er þar um að ræða niðurfellingu ákvæðis laga nr. 40/1960 um að Fiskifélag Íslands skuli leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði o.s.fr. sbr. 1. gr. laga nr. 40/1960. Er ráðherra þess í stað skylt að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar áður en dragnótaveiðiheimildir eru útgefnar og þykir sá háttur raunhæfari með tilliti til friðunarsjónarmiða. Ennfremur er á það að benda, að ráðherra skal leita umsagnar Fiskifélags Íslands, eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til, áður en hann gefur út veiðiheimildir samkvæmt 10. gr. frumvarpsins.

Um 2. Heimild ráðherra til veitingar rækjuveiðileyfa er að finna efnislega óbreytta í 1. grein núgildandi laga. Hér er þó kveðið skýrt á um heimild ráðherra til þess að binda leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, m.a. að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.

Um 3. Efnislega samhljóða heimild til veitingar humarveiðileyfa er að finna í 1. grein núgildandi laga. Þó er hér kveðið skýrt á um heimild ráðherra til að binda leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, m.a. að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar.

Um 4. Þetta ákvæði er tekið óbreytt úr 1. gr. núgildandi laga, nema hvað ekki er lengur gert að skyldu að fá tillögur Fiskifélags Íslands áður en slíkar heimildir eru veittar.

Um 5.—6. Um þessa líði, sjá inngang þessarar greinar.

Um 7. Þessi tölulíður kveður á um heimild ráðherra til að veita fiskirannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknarskyni í fiskveiðilandhelginni í núgildandi lögum og þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um þær.

Um 11. gr.

Þessi grein frumvarpsins kveður á um viðurlög við brotum gegn 1.—6. gr. Auk þess hefur 14. gr. að geyma viðurlög við brotum á þessum greinum og vísast um það til þess, er segir um þá grein. Í frumvarpinu eru sektir miðaðar við gullkrónur eins og gert er í núgildandi lögum. Sú breyting fellst þó í frumvarpinu, að misháar sektir eftir mismunandi stærðarflokkum skipa, eru nú í 5 flokkum í stað 3ja í núgildandi lögum. Þykir í núgildandi lögum gerður mjög óeðlilegur greinarmunur á því hvort skip er stærra eða minna en 200 rúmlestir. Skip, sem er t.d. 190 rúmlestir, fær þannig venjulega um 45.000,00 króna sekt, en skip sem er 210 rúmlestir, fær um 700.000,00 króna sekt. Það er til að miunka þennan óeðlilega mismun, að stærðarflokkunum er fjölgað um 2. Í frumvarpinu eru sektarfjárhæðir hækkaðar verulega, en jafnframt er í því aukið svigrúm dómara til ákvörðunar sektar. Þó að sektir hafi verið og séu miðaðar við gullkrónur, og ættu því að hafa fylgt breyttu verðgildi peninga, þá er þess að gæta, að þau skip, sem veiðarnar stunda nú, eru miklu fullkomnari nú en áður var, að öllum húnaði, og veiðimöguleikar þeirra hafa því aukist stór-

kostlega. Þykja þessi atriði gera allverulega hækkun viðurlaga tímabæra nú. Í ákvæðum þessarar greinar um upptöku afla skips og veiðarfæra er ekki að finna nýmæli frá því, sem er í núgildandi lögum, en skýrt er kveðið á um að viðurlög þessarar greinar eigi við um brot á 1.—6. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um viðurlög við brotum gegn 8. gr. um búlkun veiðarfæra, svo og við brotum við reglum settum samkv. 9. gr. og ákvæðum veiðileyfa sem út eru gefin samkv. 10. gr. Þykir eðlilegt að hafa viðurlög við öllum þessum brotum í sama flokki, en gefa dómara mikið svigrúm við ákvörðun refsingar. Felld eru niður ákvæði núgildandi laga um misháar „hlerasektir“ eftir stærð skips og þykir það eðlilegt með tilliti til þess hve sektarmörkin hafa verið rýmkuð mikið í frumvarpinu. Sektarfjárhæðir eru hækkaðar frá því, sem nú er, og fyrir skip allt að 200 rúmlestum er hér um mjög verulega hækkun að ræða, en fyrir skip stærri en 200 rúmlestir er hækkunin mun minni og lágmarkssekt raunar lækkuð um helming. Er þetta gert vegna þess, að í núgildandi lögum þykir mjög óeðlilegur greinarmunur gerður á því hvort skip er stærra eða minna en 200 rúmlestir. Breytingar þær, sem felast í frumvarpinu, eru gerðar til þess að minnka þennan óeðlilega greinarmun og gefa dómara aukið svigrúm til ákvörðunar sektarfjárhæða, og er ekki gert ráð fyrir því að þetta hafi í för með sér að „hlerasektir“ hinna stærri togskipa muni í reynd lækka frá því sem nú er.

2. mgr. 12. gr. er tekin efnislega óbreytt úr núgildandi lögum að öðru leyti en því, að sektarfjárhæðir eru hækkaðar og sektarmörkin sömuleiðis víkkuð verulega.

Um 13. gr.

Efnisákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru tekin óbreytt úr núgildandi lögum að öðru leyti en því, að sektarfjárhæðir eru hækkaðar frá því, sem nú er, og svigrúm dómara aukið til að ákveða sektarupphæð.

Um 14. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. kveður á um viðurlög við ítrekuðum brotum á 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr. frumvarpsins. Ennfremur eru brot á þessum greinum látin sæta sömu viðurlögum ef um miklar sakir er að ræða jafnvel þó fyrsta brot sé. Í þessari málsgrein felst annars sú breyting frá því, sem er í núgildandi lögum, að refsing er hér ákveðin fangelsi allt að tveimur árum í stað varðhalds eigi skemur en 2 mánuði. Jafnframt er afnumin sú skylda að dæma skipstjóra í varðhald fyrir ítrekað brot á þessum greinum, en þess í stað er dómara gefin heimild til þess að dæma skipstjóra í fangelsi. Þykir þetta rétt með tilliti til þess, að fangelsi er þyngri refsing en varðhald, auk þess sem hér er fylgt þeirri stefnu frumvarpsins að veita dómara meira svigrúm en nú er til ákvörðunar refsinga. 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er tekin efnislega óbreytt úr núgildandi lögum og gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 15.—17. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 18. gr.

Þessi grein frumvarpsins gerir sjávarútvegsráðherra skylt að láta endurskoða löggin fyrir 31. desember 1975. Gert er ráð fyrir því, að þeirri endurskoðun verði hagað líkt og áður, þannig að ráðherra muni skipa sérstaka nefnd til þess að annast þetta verkefni. Þykir nauðsynlegt að hafa þetta í lögnum, þar sem öll fiskveiðimál Íslendinga eru nú mjög í deiglu og skal í því sambandi nefna útfærslu landhelginnar í 50 mílur, mikla uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipaflota Íslendinga svo og viðsjálvert ástand fiskistofna í kringum landið annars vegar og aukna þróun í veiðitækni hins vegar.

